



# ÚTHLUTAÐIAR STYRKIR

## UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS haustúthlutun 2023



ATVINNA &  
NÝSKÖPUN



MENNING



[www.sass.is/uppbyggingarsjodur](http://www.sass.is/uppbyggingarsjodur)



@UppbyggingarsjodurSudurlands



@uppbyggingarsjodur



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS



## ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

### PackWall Byggingaplötur

Sighvatur Lárusson

2.500.000 kr.

Sjálf framleiðslan á PackWall byggingaplötunum er vel þekkt en hins vegar er að okkar mati hægt að bæta framleiðsluferlið og auka þær afurðir sem hráefnið býður uppá svo fyrirtækið geti boðið heildarlausn "Græna PackWall vegginn". Jafnframt er ætlunin að þróa aðferðir til að safna hráefni á nýjan hátt svo ekki þurfi að flokka allt hráefnið það hjá söfnunaraðilum.

### Norea Medical

Norea ehf.

2.000.000 kr.

Norea medical er fyrirtæki sem veitir heilbrigðisþjónustu þar sem sú almenna nær ekki til. Starfsemin er þrjúþætt á sviði leiðangra, viðburða og fræðslu. Verkefnið gengur út á að efla okkar viðskiptahóp og stækka markaðssvæðið með því að fullmóta og þróa okkar vöru og þjónustu, skapa nýtanlegt markaðs- og kynningarefni og koma því á framfæri þar sem mestur hagur hlýst af

### Krispa Fisk Snakk

Alda Björk Ólafsdóttir

1.500.000 kr.

Krispa Fisk Snakk er þurrkaður fiskur með mismunandi bragtegundum og hefur svipaða áferð og kartöflu flögur. Krispa Fisk Snakk er hollustu snakk með háu prótein innihaldi og framleitt eingöngu úr íslenskum fiski með mismunandi kryddum og bragðefnum.

### Áskot hestapjálfunarstöð

Kalsi ehf.

1.500.000 kr.


Uppbygging á heilsu- og þjálfunarstöðinni í Áskoti heldur áfram. Áætlað er að kaupa tæknibúnað sem styrkja mun rannsóknir á þjálfunarárangri í stöðinni. Búið er að deiliskipuleggja fyrir stækkun hesthúss og byggingu reidhallar sem leggur grunn að öflugra starfi. Búið er að byggja þrjú smáhýsi í íslenskum stíl og önnur þrjú rísa í byrjun næsta árs. Í þróun eru upplifunarheimsóknir fyrir ferðamenn í hesthúsið til að fræðast um íslenska hestinn og sjá hann synda.

### Kirsuberjagarður í Reykjalandi í Grímsnesi

Flight Song ehf

1.368.000 kr.

Gróðrarstöðin Flight Song Farm er ein af fáum gróðrarstöðvum á Íslandi sem stundar blandaða útirækt og ylrækt í jarðvegi með nýjum tæknilausnum. Við viljum vera fyrsta gróðrarstöðin til að stunda kirsuberjaræktun í markaðsskyni á Íslandi. Við teljum okkur hafa lausnina við þeim áskorunum sem hindra ávaxtaræktun á Íslandi; sérþekkingu á jarðvegsskilyrðum, samstarf við rannsakendur við Kaliforníuháskóla, Davis og færanleg gróðurgöng, nýja tæknilausn sem við höfum aðlagð að íslenskum aðstæðum.



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS



## ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

### Móðurplöntureitur 1

Álfsstaðir ehf.

1.250.000 kr.

Hér á landi er skortur á vottuðu hráefni til framleiðslu á ösp sem mikil áhrif hefur á framleiðslu skógarplantna. Með móðurplöntureit sem aðeins er hugsaður sem hráfnisframleiðsla eykst framboð af vottuðu hráefni til framleiðslu á ösp til muna. Kaupendur framleiðslunnar eru skógarplöntuframleiðendur og garðyrkjustöðvar sem fullvinna hráefnið til heild- eða smásölu og verkefnið því að kalla eftir aukna starfsmannaþörf á öllum stigum framleiðslunnar hjá umsækjanda og kaupendum.

### Tilraunaræktun á Humulus lupulus

Ölfus Cluster ses

1.230.500 kr.

Verkefnið er hluti af stærra verkefni þar sem megin tilgangur er að stofna ferðaþjónustu- og bjórmiðstöð undir vörumerkinu Happy Hops ehf. Happy Hops mun rækta humla og framleiða bjór til ferðamanna með íslenskum humlum en jafnframt skoða aðrar mögulegar hliðarafurðir til að framleiða úr plöntunni. Plantan er einnig mikið notuð til náttúrulækninga og er á skrá hjá Evrópsku lyfjastofnunni og hún með fyrirbyggjandi lyfjaforskrift með kvenblómum plöntunnar.

### EY Collection, markaðssókn - einstakt stopp við Dyrhólaey

EY collection sf.

750.000 kr.

Vinnustofa EY Collection hannar og framleiðir vörur sem hafa allar tengingu í náttúru og menningu nærumhverfisins. Verkefnið "EY Collection, markaðssókn - einstakt stopp við Dyrhólaey" miðar að því að koma þessari litlu vinnustofunni á þann stall að ná rekstrargrundvelli til að skapa heilsársatvinnu og um leið veita íbúum og gestum svæðisins einstaka þjónustu með fallegri, handunni og/eða hannaðri vöru beint úr heimabyggð.

### Rafvæðing liðléttings

Stefán Birnir Sverrisson

464.000 kr.


Rafvæðing á liðléttingi. Rafmótor og rafhlöður eru settar í liðlétting í stað dísilvélar. Verkefnið er hluti af vöruþróunarferli fyrir rafvæðingu á vinnuvélum.

### Uppbygging klifursvæða á Suðausturlandi

Tindaborg ehf.

400.000 kr.

Klifuríþróttin stækkar ört en merki um það er að á ólympíuleikunum 2024 verður í annað skipti keppt í klifri. Á Suðausturlandi búum við svo vel að eiga tvö stærstu klifursvæði landsins. Til þess að viðhalda svæðunum og byggja þau upp enn frekar þarf að bolta fleiri leiðir. Betra úrval fjölspannaleiða í Vestrahorni myndi auka aðsókn klifrara á svæðið og aukning sportklifurleiða, sér í lagi í léttari gráðum mun bæta klifursvæðið á Hnappavöllum til muna og gera það aðgengilegt fleirum.



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLEENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS

**4 einkasýningar****Listasafn Árnesinga****1.200.000 kr.**

Í þessari sýningu eru það fjórir vel þekktir listamenn í senunni: Hrafnkell Sigurðsson, Erla Haraldsdóttir, Kristinn Már og Sigga Björg sem sameinast með fjórum einkasýningum sem sýningarstjórinn Birta Guðjónsdóttir heldur utan um. Birta er einnig einn af okkar fremstu sýningarstjórum og var hún td. sýningarstjóri Shoplifter í Feneýjum árið 2019 með CHROMO SAPIENS.

**Burtu með fordóma****Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ehf.****1.000.000 kr.**

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands í samstarfi við hljómsveitina Pollapönk heldur tónleika með tónlist Pollapönks ásamt tónlistarskólanemendum og leikskólabörnum undir yfirskriftinni "Burtu með fordóma".

**Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2023****Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ehf.****1.000.000 kr.**

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands heldur Jólatónleika í Íþróttahúsi Þykkvabæjar 9. desember 2023. Öllum kirkjukórum Rangárvallasýslu býðst þátttaka í tónleikunum. Einsöngvarar verða Gissur Páll Gissurarson tenór og Herdís Anna Jónasdóttir sópran.

**Stofnun Leikfélags Eyrarbakka****Leikfélag Eyrarbakka****800.000 kr.**

Nýstofnað Leikfélag á Eyrarbakka endurvekur starfsemi sína og setur upp stuttverkadagskrá mars 2024, ritaða af félögum og sækir efnivið leikverka í sögu staðarins. Félagið stefnir einnig á uppsetningu á barnaleikriti sumar 2024.

**40 ára stór-afmælistónleikar Lúðrasveitar Þorlákshafnar****Ingibjörg Aðalsteinsdóttir****800.000 kr.**

Lúðrasveit Þorlákshafnar fagnar 40 ára starfsafmæli í febrúar 2024. Í tilefni af því verður blásið til stórtónleika þar sem sunnlenskur tónlistararfur er í fyrirrúmi. Lúðrasveitin hefur á sínum ferli komið víða við og unnið með ólíka tónlist, tónlistarstefnur og verið í samstarfi við fjölmargt og fjölbreytt tónlistarfólk. Með lúðrasveitinni á þessum tónleikum munu m.a. koma fram Karlakór Selfoss, Söngfélag Þorlákshafnar, Kór Þorlákskirkju, Skítamóráll, Kristjana Stefánsdóttir sem öll hafa staðfest sína þátttöku. Þar að auki eru viðræður við Jónas Sigurðsson, Sólmund Hólm og fleiri, en öll eiga þau sameiginlegt að eiga sterka tengingu við suðurlandið.

**Landnám - Ný ljósmyndaverk og sýningar****Pétur Thomsen****700.000 kr.**

Verkefnið felur í sér ljósmyndun og framleiðslu á nýjum verkum í seríuna Landnám. Ásamt sýningum í Gallerie Käytävä í Helsinki Finnlandi í janúar 2024 og í Hafnarborg í nóvember 2024. Sú sýning stendur til janúar 2025 og verðu hluti af dagskrá Ljósmyndahátíðar Íslands. Ljósmyndaserían Landnám tekur á ákallandi málefnum samtímans er varða náttúruna og nýtingu á henni. Hvort sem er jarðrask, landnýting, ræktarland, skógrækt eða landbúnaður. Stærsti hluti ljósmyndanna er tekinn á suðurlandi.





## MENNING

### Nytjar (vinnutitill) - undirbúningur

Hanna Dís Whitehead

700.000 kr.

Sýningin á Hornafirði hverfist um safneign Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu þar sem umsækjendur sýna ný verk unnin upp úr rannsókn á safnkostinum. Safneign Byggðasafnsins er um margt sérstök þar sem mikill fjöldi safngripa er hannaður og smíðaður af Hornfirðingum og sveitungum sjálfum. Þar sem jökulár í kringum Austur-Skaftafellssýslu voru lengi óbrúaðar voru íbúar þar afar einangraðir. Til að komast á milli staða innan sýslunnar þurfti fólk að komast yfir jöklana sjálfa sem þýddi að íbúar sýslunnar voru ekki bara einangraðir frá öðrum sýslum heldur líka á milli sveita. Það var ekki fyrr en 1974 sem Skeiðará var brúuð og þar með opnaðist hringvegurinn um svæðið. Reyndi því á hugvit íbúanna sem sjálfir sköpuðu og unnu sína nytjahluti. Þessir hlutir mynda afar áhugaverða innsýn inn í skapandi efnisnotkun og þjóna sem upphafspunktur sýningarinnar.

### Spunasmiðjur á Hornafirði

Leikfélag Hornafjarðar

700.000 kr.

Spunasmiðjur á Hornafirði er liður í uppbyggingar starfi Leikfélagi Hornafjarðar. Markmiðið er að fjárfesta í spunanámskeiðum og með þeim vinna markvisst að því að efla leiklistar áhuga innan sveitarfélagsins og bjóða upp á annarskonar leiklistarkennslu en hið hefðbundna leikhús form. Hornafjörður er afskekkt og einangrað sveitarfélag og erfitt að bjóða upp á ýmsa möguleika, og því mikilvægt í þróun leikfélagsins að veita námskeið sem bæði styrkir það og bætir til framtíðar.

### Tónsmíðar í torfhofi

Kristín Björk Kristjánsdóttir

700.000 kr.

Tónsmíðar í torfhofi heldur utan um 7 ný tónverk sem verða samin og hljóðrituð í elsta húsi Stokkseyrar, torfbænum Garðshúsum (byggt 1890). Boðið verður upp á ýmis konar skemmtilega viðburði þar sem torfhúsfréttan opnar sköpunarferli sitt, ýmist við þær kvikmyndatónsmíðar sem hún vinnur við eða tónverk samin fyrir hinar ýmsu hátíðir og menningarviðburði hér heima sem erlendis. Almennungi gefst kostur á að kíkja í torfbæjarkaffi og njóta samver, sögustundar og tónleika í baðstofunni þar sem sagt.

### Töfrandi heimur

Hólmfríður Ósk Samúelsdóttir

600.000 kr.

Að skapa töfrandi heim og bjóða börnum í leikskólum á Suðurlandi í tónlistar- og skynfæraveislu. Flutt verða ný íslensk lög sem innihalda fróðleik og fallegan boðskap þar sem hvíld, manngæska og tengsl eru í fyrirrúmi. Að efla málskilning með samtali og fræðslu, skýrum textum og sterkum flutningi. Kynna leiðir og "velferðarverkfæri" sem börnin geta notað til að vinna gegn streitu. Að sýna hvernig töfrar tónlistar geta eflt mál- og tilfinningaþroska. Flytjendur eru kennaramenntað tónlistarfólk.

### Baðstofukvöld í Skálholti

Skálholtsstaður

600.000 kr.

Baðstofukvöld í Skálholti eru nokkrir viðburðir sem boðið verður uppá í haust og í vor í Skálholti. Þar koma rithöfundar sem ritað hafa verk sem á einhvern hátt tengist sögu Skálholts. Sköpuð verður notaleg umgjörð þar sem rithöfundur les og áheyrendur fá tækifæri til að ræða við rithöfundinn út í verkin. Þannig skapast áhugaverðar og upplýsandi umræður um efni verkanna sem varpar ljósi á sögu Skálholts og menningararf Suðurlands.



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS

**NÁMAN 2024****Gullkistan, miðstöð sköpunar ehf. 600.000 kr.**

Gullkistan mun standa fyrir margskonar ólíkum menningarviðburðum fyrir almenning í samstarfi við dvalargesti Gullkistunnar, vinna með fyrirtækjum, stofnunum, listamönnum og nýbúum að einstökum uppákomum, bjóða íslenskum listamönnum til dvalar og halda fjölbreytt námskeið og listsmiðjur.

**Öræfingakórinn: söngvabanki og tónleikar í Hofgarði****Ungmennafélag Öræfa****600.000 kr.**

Í Öræfum er ekki kórstarf nema þegar kórstjóri býðst og breytilegt hverjir eru með í hvert sinn. Raddbanki gerir söngstarfið mögulegt, stjórnandi kemur þrisvar á staðinn til að stýra æfingum, kenna notkun raddbankans, samhæfa kór og meðleikara. Með aðgengi meðlima að raddbanka og nótum verður einfalt að læra lög, halda sér við hvar sem er og hvort sem kórstjóri er á staðnum eða ekki. Í desember verða tónleikar þar sem allir eru velkomnir: áheyrendur og þau sem eru áhugasöm um að byrja í kórnum.

**The Öræfi Knitting Group: Fostering Creativity and Community****Alice Jadwiga Sowa****600.000 kr.**

The establishment of the Öræfi Knitting Group aims to create a vibrant knitting community that fosters creativity and inclusivity through cozy bi-weekly meet ups at Café Vatnajökull. Our mission is to provide a welcoming space where beginners and experienced knitters alike can come together to learn, grow and share their passion. We will offer a diverse range of workshops and feature guest artist talks with the aim to enrich our community's knowledge of the craft.

**Sæmundur fróði og saga Odda.****Oddafélagið****600.000 kr.**

Einu sinni var Sæmundur fróði barn og unglingur; einu sinni byrjaði Snorri Sturluson að læra að skrifa. Vandaðar ljósmyndir af helstu persónum Oddaverja á miðöldum gefa innsýn í horfinn heim og gera rykfallin nöfn að ljóslifandi persónum af holdi og blóði, líkt og um dramatískar stillur úr kvikmynd væri að ræða. Myndirnar verða í kynningarbæklingum, prent- og vefmiðlum og í margmiðlunarverkefni um sögu Sæmundar fróða og Odda, auk þess að vera hluti af utandyra sögusýningu í Odda.

**Sýningar á suð-austurlandi****Guðrún Arndís Tryggvadóttir****500.000 kr.**

Auk sýningar í Sundlauginni á Höfn tek ég þátt í sýningunni „Nr. 5 Umhverfing“ þar sem ég mun sýna á gagnstæðum brúarsporðum brúarinnar yfir Jökulsá við Jökulsárlón en ég hef starfaði sem yfirlandvörður þar í sumar og hef sterkar tilfinningar til staðarins og þeirrar sögulegu umbreytinga sem eiga sér stað á jöklum vegna hlýnandi loftslags. Verkið sem ég mun vinna verður í formi upplímingar sem tengjast því að vekja fólk til umhugsunar um annars vegar ferðamennsku og hinsvegar bráðnun jökla.



**Norðurljósablús 2024 tónlistarhátíð****Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar****500.000 kr.**

Hátíðin verður haldin í 11 sinn í mars árið 2024. Hún mun fara fram á skemmtistaðnum Hafinu og byrjar á fimmtudagskvöldi með pubquiz ásamt trúbador. Síðan verða haldnir stórtónleikar bæði föstudags og laugardagskvöld, stefnt er að því að fram komi 6-8 hljómsveitir bæði landsþekktar og ungar og upprennandi. Á laugardeginum er stefnt að því að halda opið blúsdjamm þar sem frítt er inn og öllum ungum sem öldnum gefst tækifæri á að taka lagið. Það er stefna Blús og rokkklúbbs Hornafjarðar að greiða öllum þeim listamönnum sem koma fram á hátíðinni laun fyrir vinnu sína. Það á ekki síst við um þá sem yngri eru og eru að stíga sín fyrstu skref

**Sunnlenskur tónblær" - tónleikaröð á vegum Tónskólans í Vík****Alexandra Chernyshova****500.000 kr.**

"Sunnlenskur tónblær" - tónleikaröð á vegum Tónskólans Mýrdalshrepps. Boðið verður upp á fimm tónleika í Vík. Nýsköpunargildið felst í því að ekki hefur verið áður tónleikaröð í Vík á vegum Tónskólans sem hefur þann tilgang að kynna, efla og útbreiða tónlist í Vík, á Suðurlandi og landsvísu. Menningar- og samfélagslega styður þetta starf við tónlist í sveitarfélaginu og býður sveitungum og öðrum upp á metnaðarfulla tónlistardagskrá til að sækja í heimabyggð.

**Rangifer Tarandus****Menningarmiðstöð Hornafjarðar****500.000 kr.**

Stephan Stephensen er tónlistarmaður, ljósmyndari og fjallaleiðsögumaður, með mikla ástríðu fyrir því að fara upp á hálendi og sér í lagi hreindýraveiðum. Stephan sem er sennilega þekktastur fyrir að vera meðlimur í hljómsveitinni Gusgus, hefur einnig sýnt myndverk sín víða, en í þessari sýningu fangar hann drauminn og veruleikann um veiðimennskuna, og færir okkur bæði hljóð og mynd úr ógleymanlegri veiðiferð.

**Kristján frá Djúpalæk - skáldið sem steig niður?****Ágústa Ragnarsdóttir****500.000 kr.**

Grafist fyrir um ástæður þess að skáldið Kristján frá Djúpalæk gaf sig að dægurmenningunni, tengsl hans við lagahöfunda og samfélagið og tilurð laga og texta. Niðurstaðan sett fram í tali, flutningi tónlistarmanna, myndskreytingum og fjöldasöng sem tengir þannig saman bókmenntir, tónlist, fræðslu og menningararf. Einnig verður boðið upp á spjall við gesti.

**Heimaklettur í nýju ljósi****Vestmannaeyjabær****500.000 kr.**

Í ár eru 50 ár liðin frá Heimaeyjargosinu 1973 og 60 ár frá upphafi Surtseyjargossins 1963. Af því tilefni hafa verið haldnir fjölmargir viðburðir í Vestmannaeyjum sem lýkur formlega um Safnahelgi, 2.-5. nóvember n.k. Hugmyndin er að lokahnykkurinn verði margbrotin tónlistar- og ljósasýning á Heimakletti, unnin af listafólki og fremstu tæknimönnum í geiranum.




**MENNING**
**Tónleikaferðalag Fiðlufjörðs**
**Fiðlufjör slf.**
**400.000 kr.**

Fiðlufjör er skemmtilegt fiðlunámskeið sem hefur verið haldið á Suðurlandi frá árinu 2017 þar sem ungum tónlistarnemendum gefst einstakt tækifæri til að læra af metnaðarfullum kennara. Námskeiðið verður með öðru sniði að þessu sinni þar sem stjórnandi og stofnandi Fiðlufjörðs ætla að fara víðs vegar um Ísland og dreifa Fiðlufjörð boðskapnum. Í mars 2024 verður einn hluti Fiðlufjörðs haldið í Hveragerði.

**Fjölbreytileikinn - tónlistarhátíð í Vík**
**Jón Indriðason**
**400.000 kr.**

Fjölbreytileikinn verður metnaðarfull tónlistarhátíð sem leiðir saman listafólk á svæðinu og frægari nöfn í tónlistarheiminum. Það er mikilvægt að tengja listafólk á svæðinu og gefa þeim vettvang til listsköpunar. Þá er það mikilvægt fyrir vaxandi samfélag að tækifæri séu til að koma saman á viðburðum sem þessum. Listræn stjórnun mun miða að því að tónlistarstefnur og flutningar verði fjölbreyttir, í takt við samfélagið í Mýrdalshreppi.

**Myndlist 40-4**
**Katrín Ósk Þráinsdóttir**
**400.000 kr.**

Myndlist 40-4 felur í sér að haldnir verða 40 myndlistartengdir viðburðir á 4 mánuðum. Verkefnið er sniðið með það í huga að fá fólk til að stunda myndlist á sameiginlegum vettvangi og auka aðgengi almennings að myndlist til að sem flestir fái notið. Sérstaklega er horft er til þess að bjóða fólki af ólíkum uppruna og ungmenni velkomin og reynt að höfða til þeirra þegar viðfangsefni viðburða eru valin.

**Fjölmenningarsamfélag í uppsveitum Árnassýslu**
**Bláskógabyggð**
**400.000 kr.**

Samstarfsverkefnið Heilsueflandi Uppsveitir stendur að baki verkefninu sem hefur það að markmiði að ná til mismunandi innflytjendahópa í uppsveitunum Árnassýslu og virkja þá í samfélaginu. Leitast er við að þróa fjölmenningarsamfélag þar sem allir óháð þjóðerni eða uppruna njóti góðra lífsgæða í heilsueflandi samfélagi. Þessi vinna er mikilvæg til að opna samfélagið fyrir öllum íbúum og mun einnig nýtast sem undirbúningur fyrir mótun móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa uppsveitanna.

**Ísí íslenska**
**Kötlusetur ses.**
**400.000 kr.**

Maður er manns gaman og tungumálanám gengur töluvert betur þegar nemandi sér í því tilgang og finnst það skemmtilegt. Auk þess er tungumálið lykillinn að raunverulegri inngildingunni samfélagsins. Ísí íslenska mun styðja við þá sem vilja ná betri tökum á íslensku tungu með fjölbreyttum leiðum eins og að styðja við sjálfsnám, skipuleggja viðburði og bjóða upp á möguleika til að æfa íslenskuna. Ísí íslenska mun einnig virkja íslenskumælandi hluta samfélagsins til að taka þátt í verkefninu.



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS





## MENNING

### Social Café og Language Café

Katharina Johanna Wohlgemuth

400.000 kr.

Suðurlandið og uppsveitirnar eru búin að upplifa mikla og hraða þróun á síðustu árum og er hún m.a. tengd vaxandi áhuga ferðamanna á svæðinu og uppbyggingu þjónustu tengd því. Til þess að mæta þessari eftirspurn þarf sífellt fleira starfsfólk og hlutfallið starfsmanna af erlendum uppruna er ört vaxandi. Verkefnið okkar eiga að hjálpa við integreringu hópa með mismunandi menningarbakgrunn og hjálpa þeim að kynnast og skilja hvort annan.

### Ópera fyrir leikskólabörn

Alexandra Chernyshova

350.000 kr.

Skemmtileg 20 mín. óperuleiksýning "Ópera fyrir leikskólabörn". Farið verður í ævintýraheim óperunnar, leikskólabörn fá að dansa, syngja með, hlusta á óperutónlist úr óperuballett "Ævintýrið um norðurljósin" og kíkja inn fyrir óperutöfrahurð óperunnar.

### Fjársjóðir jarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

350.000 kr.

Elísabet Birta Sveinsdóttir (Afterpartyangel) og Joanna Pawlowska standa fyrir gjörningahátíð á vegum Svavarssafns þar sem Hornfirðingum er boðið að kanna með þeim kyn og kynjamyndir á framúrstefnulegan og óvæntan hátt. Tónleikar, innsetningar og gjörningar sem hafa það sameiginlegt að kanna samband hinseginleika og möguleika þess að endurskilgreina birtingarmyndir og dulargervi sem við könnumst við úr mótsagnakenndum frásögnum, allt frá þjóðsögum til sjónmiðla samtímans.

### Aðventutónleikar í Flóahreppi

Berglind Björk Guðnadóttir

350.000 kr.

Verkefnið er samstarf menningarnefndar Flóahrepps við Berglindi Björk Guðnadóttur söngkonu. Ætlunin er að fá þrjá söngvara, píanista, kirkjukóra sveitarfélagsins, leikskólann Krakkaborg og nemendur Tónlistarskóla Árnesinga búsetta í Flóahreppi. Annar samstarfsaðili yrði Eyjólfur Eyjólfsson tónlistarkennari sem sér um langspilshóp grunnskólabarna í Flóaskóla og einnig á að auglýsa eftir áhugasömum sveitungum sem myndu vilja taka þátt og gefa þeim kost á að koma sér á framfæri.

### Jólatónleikar kórs Hvolsskóla

Birna Sigurðardóttir

350.000 kr.

Kórinn ætlar nú í þriðja sinn að halda glæsilega jólatónleika í upphafi aðventu hér heima í héraði, að þessu sinni í íþróttahúsinu á Hvolsvelli þann 1. desember næstkomandi. Undanfarin ár hefur kórinn fengið til liðs við sig tónlistarfólk úr héraði til að koma fram á tónleikunum með þeim og er stefnt að svipuðu þema í ár, það er að fá fólk úr héraði eða gefa fólki úr héraði kost á að koma fram með kórnum.

### Söngur Kvinnakór Hornafjarðar

Sigurbjörg Guðmundsdóttir

350.000 kr.

Kórinn tók þátt í óvæntu verkefni með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands og hefur verið að æfa fyrir óperutónleika sem voru haldnir á Höfn 24. september. Það óvænta er að kórinn syngur einnig á óperutónleikum með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands á Selfossi og mun það kosta kórinn bæði ferðalög og hótél fyrir kórkonur.





## MENNING

### I Saw Three Suns in the Sky - Myndlistarsýning

Sonja Margrét Ólafsdóttir

350.000 kr.

Verkið sem ég kem til með að sýna á Ottó ber titilinn 'I Saw Three Suns in the Sky' þetta er ljósmyndaverk sem unnið er út frá rannsókn minni á lífi og starfi leikskáldsins Haraldar Hamar. Meirihluti verksins er unninn á Flúðum í Hrunamannahreppi þar sem ég er uppalin og bý og starfa í dag.

### Jólasveinn, ég treyst á þig!" - Jólادagskrá Byggðasafns Árn Byggðasafn Árnesinga

300.000 kr.

Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í Byggðasafni Árnesinga á aðventu 2023 sem hæfir öllum. Lesið verður upp úr nýútkomnum bókum sunnudaginn 26. nóvember, jólatónlist verður í öndvegi sunnudaginn 3. desember og barnabókahöfundar koma í Húsið sunnudaginn 10. desember og lesa fyrir yngstu safngestina. Jólasýning verður í Húsinu á Eyrarbakka með gömlu heimagerðum jólatrjám úr tré og einnig verður gamalt jólaskraut til sýnis.

### Rithöfundakvöld Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

300.000 kr.

Í aðdraganda jóla verður haldið Rithöfundakvöld Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar á Höfn, en þá er Hornfirðingum boðið að koma saman eitt kvöld og hlusta á upplestur rithöfunda úr nýútkomnum bókum þeirra. Viðburðurinn stendur gestum til boða að kostnaðarlausu en einnig verður boðið upp á kaffi, gos, smákökur og/eða konfekt á meðan á viðburðinum stendur. Viðburðurinn tekur um tvær klst. og er fyrirtaks leið til að slaka á og njóta í aðdraganda jóla.

### Menningarverksmiðjan Brimrót

Pétur Már Guðmundsson

300.000 kr.

Menningarverksmiðjan Brimrót hefur eflt og unnið með menningarlífinu við ströndina í fjögur ár og við höldum ótraud áfram. Nú stefnum við á að vinna með fleiri aðilum á Stokkseyri eins og galleríum og fyrirtækjum til að búa til að metnaðarfullri dagskrá. Upplestrar, sögustundir á íslensku og ensku, námskeið, sýningar, markaði á fleiri stöðum í þorpinu og alltaf heitt á könnunni.

### Söngstarf Tvennra tíma

Söngsveitin Tvennir tímar, félagast.

300.000 kr.

Að æfa og efla sönglíf eldri borgara í uppsveitum Árnessýslu. Verkefnið gengur út á að æfa og syngja með öðrum eldri borgara kórum, heimsækja dvalarheimili á Suðurlandi með tónleika haldi og standa svo fyrir vortónleikum vorið 2024. Einnig hefur kórinn verið að syngja með ungu fólki sem er í tónlistarnámi á svæðinu og er þetta gert til að tengja kynslóðir saman.

### Surtsey 60 ára

Vestmannaeyjabær

300.000 kr.

Sýning á Surtseyjarstofu í tilefni af 60 ára afmæli Surtseyjar. Á nýrri sýningu getur að líta nýjar myndir og upplýsingar um allt það sem þessi leyndardómsfulla eyja hefur að bjóða. Langi Seli og skuggarnir verða með tónlistaratriði. Afmælishátíðin er sameiginlegt verkefni Surtseyjarstofu/Umhverfisstofnunar og Eldheima, en Surtseyjarstofa er hluti af Eldheimasafninu.



**MENNING****OBSESSED****Amylee Vitoria Da Silva Trindade****300.000 kr.**

Hljómsveitin Fókus gefur út plötuna OBBESSED og heldur útgáfutónleika.

**Minningar - 50 ár****Þórarinn Ólason****300.000 kr.**

Flutt verður lifandi tónlist frá Vestmannaeyjum. Brugðið upp stuttum brotum úr útvarpsþáttunum Eyjapistill. Sagðar sögur frá þessum árum, sem sumar aldrei hafa heyrst áður og rifjuð upp Eyjalög frá þessum tíma ásamt lögum sem sjaldan eru sungin eða leikin. Dagskráin verður með léttum og ljúfsárum dúr og moll.

**Samstarf við kóra og hljómsveitir á Suðurlandi****Bakkastofa ehf.****300.000 kr.**

Samstarf við kóra og hljómsveitir er afar lífvænleg leið fyrir tónverk um leið og það stuðlar að auknum fjölbreytileika í efnisskrám flytjenda. Jarðvegur fyrir tónverk hefur gjörbreyst á undanförunum árum. Vettvangur áheyrnar takmarkast í auknum mæli við net-áheyrn tila að mynda á Spotify og YouTube. Grunnhugmynd þessa verkefnis er að auka fjölbreytileika í lagavali lifandi flutnings og viðhalda tónverkum við endurnýjun meðlima kóra og hljómsveita með hliðsjón af aldurshópum og reynslu.

**Viðburðaröð FAS****Helga Kristey Ásgeirsdóttir****300.000 kr.**

Viðburðir sem við viljum halda eru bíókvöld, pub quiz, ball (með listamanni), leikjamót. Við búum langt í burtu frá Reykjavík, og er bæði erfiðara og dýrara fyrir okkur að halda skemmtilega viðburði. Það er mikið meira í boði fyrir fólkið sem býr í Reykjavík. Við viljum auka félagslega möguleika fyrir ungt fólk.

**Tónheilun eldri borgara****Stefán Örn Viðarsson****250.000 kr.**

Við í trúinu Goldies höfum undanfarið verið að fara á dvalarheimili eldri borgara á suðurlandi og víðar, með lagalista sem stuðlar að því að fá fólk með heilabilun, elliglöp, Alzheimers ofl. til að taka þátt í söng. Lagalistinn er miðaður að þeim lögum sem þetta fólk þekkir og elskar frá því á árum áður en markmiðið er að fá þau til að rifja upp þessi gömlu lög, taka þátt í söng og þannig virkja röddina og líkamann til heilunar en fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á gagnsemi söngs hjá þessum hóp.

**Opinn hljóðnemi í Öræfum****Feimna rjúpan ehf.****250.000 kr.**

Verkefnið Opinn hljóðnemi í Öræfum skapar vettvang fyrir íbúa svæðisins að hittast og njóta sköpunar og hæfileika hvors annars. Mikið af tónlistar og/eða framkomuhæfileikum fylgir þeim fjölbjóðlega hópi fólks sem býr í Öræfum vegna vinnu við ferðabjónustu. Verkefninu er ætlað að skapa þessum hæfileikum pláss og að bjóða samfélaginu að njóta félagslegrar og menningarlegrar tónlistarupplifunar saman hvort sem er, sem þátttakendur eða áheyrendur.



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS

**Tónlistarstund í leikskólum****Sjöfn Þórarinsdóttir****250.000 kr.**

Tónlistarstundir í leikskólum eru skemmtilegar og fræðandi stundir, þar sem nemendur syngja með undirleik og fá fræðslu um hljóðfæri og tónlistarhugtök.

**Röðin****Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnarson****250.000 kr.**

Röðin er heimildarmynd um miðaröðina fyrir þorrablót Hafnar 2024.

**Minumst Stellu Hauks****Vestmannaeyjabær****200.000 kr.**

Stella Hauks tónlistarkona úr Vestmannaeyjum samdi stór skemmtileg lög við eigin texta um lífið og tilveruna.

**Jólahefðir Heimsins****Vigdís María Borgarsdóttir****200.000 kr.**

Viðburðurinn mun bjóða fólki að koma og smakka jólamat, drykki, hlusta á jólatónlist og læra um jólahefðir annara landa í heimunum frá íbúum sveitarfélagsins, en við á Hornafirði erum með íbúa frá yfir 40 löndum sem að gaman væri að sameina með slíkum viðburði og auka með honum skilning okkar á hvort öðru.

**Málþing um grafík - Ragnheiður Jónsdóttir****Listasafn Árnesinga****200.000 kr.**

Málþingið sem fer fram 18. nóvember og mun varpa ljósi á líf og störf Ragnheiðar Jónsdóttur sem sýnir nú á safninu auk þess að fjalla um grafíklist hér á landi, aðferðum þess og sögu í samhengi íslenskrar myndlistar. Þeir sem flytja erindi eru; Ragnheiður Jónsdóttir og mun fjalla um sig sem listamann og aðferðir sínar, Daría Sól um sýninguna Kosmos/Kaos, Íslensk Grafík um grafík á Íslandi í gegnum tímann og Jóhann Ludvig Torfason um grafík í okkar samtíma, hver staðan á því er í dag.

**Tónkrili****Sjöfn Þórarinsdóttir****200.000 kr.**

Börn eru tónelsk allt frá fæðingu og getur tónlist haft góð áhrif á þroska þeirra á ýmsa vegu. TónKrili er námskeið sem byggir á jákvæðri samveru foreldra barna þar sem tónlistin er í öndvegi. Á námskeiðinu fá foreldrar og ung börn þeirra að upplifa tónlist saman á skemmtilegan og gefandi máta. Enn fremur fá foreldrar fræðslu um gildi og ávinning tónlistar í lífi barna sinna.

**Úr einu í annað****Hanna Dís Whitehead****200.000 kr.**

Í verkefninu verður unnið að spennandi listasýningu á textílverkum unnum með flosbyssu sem sýnd verða í salnum á veitingastaðnum Ottó á Höfn. Sýningin mun opna í lok nóvember og standa í um tvo mánuði. Á Hornafirði er mikið um ferðamenn sem koma til bæjarins þegar söfn hafa lokað. Þeir nýta sér mikið veitingastaðina til að borða og þar á meðal er Ottó sá vinsælasti samkvæmt TripAdvisor. Á sýningunni fá þeir tækifæri að líta á og njóta list eftir heimamann úr íslenskum og sunnlenskum efnivið.





## MENNING

### Heimildirnar, húsagerðarsaga

**Guðmunda Ólafsdóttir**

**200.000 kr.**

Héraðsskjalasafn Árnesinga ætlar að útbúa verkefni fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla. Nemendur munu fræðast um byggingarsögu í Árnassýslu og þurfa svo að leita eftir upplýsingum hús af hverjum byggingarstíl sem kynntur verður til sögunnar. Til þess munu þeir þurfa að skoða safnkost á miðlunurvef Héraðsskjalasafns Árnesinga. Eftir að hafa leyst verkefnið munu nemendur hafa öðlast færni í því að leita í frumheimildum á heimasíðu Héraðsskjalasafns Árnesinga og fræðst um húsagerðarlist.

### Upphaf barnakennslu á Selfossi

**Björn Ingi Gíslason**

**200.000 kr.**

Verkefnið mun lýsa því þegar ungir kennarar setjast að á Selfossi og hefja þar kennslu á síðri hluta síðustu aldar. Þeir taka þátt í að móta skólastarf í litlu sveitarfélagi sem á eftir að stækka og þróast. Þeir taka þátt í menningarstarfi í sveitarfélaginu á margvíslegan hátt. Þetta verkefni er mikilvægt til þess að bjarga menningarverðmætum með frásögnum sen senn tapast ef þeim er ekki haldið til haga

### Leiklist með Eldri Borgurum til eflingar lífsgæða þeirra

**Magnús Jóhannes Magnússon**

**150.000 kr.**

Hópurinn hittist reglulega og og gerir ýmsar upphitunar og leiklistaræfingar, bæði í töluðu máli og með hreyfingum. Æfð stutt leikatriði, samin af hópnum og sýnd. Unnin stærri verkefni til að sýna opinberlega



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS